

Skipulagsfulltrúi Ölfuss
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarberg 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 24. janúar 2023
UST202212-177/B.S.
10.04.03

Efni: Tillaga – Deiliskipulag - Þórustaðanáma í Ölfusi. Umsögn

Vísað er til erindis Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 19. desember 2022 og ítrekun dags. 10. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag. Umhverfisstofnun hefur áður í umsögnum bent á hin miklu sjónrænu áhrif sem náman hefur í för með sér við mjög fjölfarinn veg. Bent hefur verið á hvort ekki sé unnt að skilja eftir kletta í hlíðinni og sækja efni þess í stað lengra inn á fjallið. Gera ætti betur grein fyrir hvernig skilið verði við kletta við vinnslusvæðið. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að efnistöku muni ljúka í Þórustaðanámu í náinni framtíð en ef svo færi ættu að vera fyrir hendi ákveðnar hugmyndir í deiliskipulaginu um hvernig skilið verði við námusvæðið og þær uppfærðar eftir framvindu efnistökkunnar. Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur